

MENNING



Safnið Whitney-safnið í New York.

Lauder gefur Whitney 10 milljarða

Vonar að safnið haldi Brauer-byggingunni

LEONARD A. LAUDER snyrtivöru-framleiðandi, stjórnarformaður Whitney Museum of American Art í New York, hefur tilkynnt að hann muni gefa safninu 131 milljón dala, tæpa tíu milljarða króna. Er það stærsta gjöf sem safninu hefur borist í 77 ára sögu þess.

Whitney er eitt af fjórum stóru listasöfnunum í New York, þótt það sé kannski ekki eins þekkt og Metropolitan, MoMA og Guggenheim. Whitney-tvíværingurinn, þar sem margt það helsta í núlistum er sett fram annað hvert ár, hlýtur ætíð mikla athygli og þá eru iðulega settar upp framúrskarandi sýningar á verkum bandarískra listamanna í safninu.

Meginþorri fjárens rennur í grunnstöðunum. Þá er vonast til að gjöfin verði til þess að safnið, sem hefur verið í fjárþröng, þurfi ekki að selja hina frægu byggingu þar sem safnið er staðsett, á Madison Avenue og 75. stræti. Byggingin var teiknuð af Marcel Breuer. „Eins og svo margir unndur vandaðs arkitektúrs tel ég að Whitney-safnið og Breuer-byggingin séu eitt,“ sagði Lauder.

Whitney hyggst reisa útibú neðar á Manhattan, í svokölluðu „kjöt-pökkunar“-hverfi. Hefur verið samið við annan stjórnarkitekt, Renzo Piano, um að teikna bygginguna.

Gjöf Lauders er sú stærsta sem söfn í New York hafa fengið árum saman. Stephan A. Schwarzman gaf New York-bókasafninu 100 milljónir dala í liðinni viku, fyrir stækkun safnsins, og David Rockefeller lofaði MoMA einnig 100 milljónum dala árið 2005.

Kvikmyndir

Stuttmyndadagar auglýsa skilafrest

STUTTMYNDADAGAR 2008 verða í Kringlubíói 29. maí. Veitt verða verðlaun fyrir bestu stuttmyndina að verðmæti 100.000 kr, 75.000 fyrir annað sætið og 50.000 fyrir þriðja sætið. Vinningsmyndin verður að auki kynnt á Short Film Corner á kvikmyndahátíðinni í Cannes og höfund myndarinnar boðið á hátíðina. Skilafrestur er til 1. maí en hægt er að skila myndum til Kvikmyndafélags Íslands í Bankastræti 11 en einnig á www.stuttmyndadagar.is. Öllum er heimilt að senda inn myndir en hámarks lengd mynda er 15 mínútur.



Úr stuttmyndinni Verðlaunabikarinn.

Þjóðmenning

Hvað varð um mýragyðjurnar?

Á MORGUN kl. 17.15 talar Terry Gunnell um Gyðjurnar í mýrunum í erindi sem fjallar um tengsl norræna gyðja við mýri og vötn, og af hverju mýrarfórnir í Skandinavíu virðast hafa horfið um 500 eftir Krist. Einnig verður íhugað af hverju svo fá ornefni eru eftir sem styðja slík tengsl. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku, í stofu 201 í Árnagarði, og er opinn öllum.

Í fyrirlesturinn verður skoðað hvað lá að baki mýrarfórnunum og um leið hvað getur hafa orðið til þess að þær hurfu svona skyndilega. Terry er dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands.



Terry Gunnell

Tónlist

Silfurkvintettinn heiðrar djassmann

NÆSTU tónleikar Jazzklúbbsins Múlans verða annað kvöld, á Domo. Silver kvintett leikur, en hann sérhæfir sig í að leika tónlist píanóleikarans og tónskáldsins síunga Horace Silver, en hann verður áttæður á árinu. Hljómsveitin er skipuð þeim Snorra Sigurðarsyni trompetleikara, Ólafi Jónssyni saxófónleikara, Agnari Má Magnússyni píanóleikara, Þorgrími Jónssyni sem leikur á bassa og Erik Qvick trommuleikara.

Horace Silver er eitt merkilegasta og afkastamesta tónskáld djassögunnar en eftir hann liggur fjöldi laga og standarda.



Horace Silver

Aðsókn í leikhús hefur aldrei verið meiri en í fyrra og er sú mesta í Evrópu

Breytt landslag í sviðslistum

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

Í HNOTSKURN

» Sjö atvinnuleikhús voru starfrækt í landinu á síðasta ári og sýndu á 13 leiksviðum.

» Sjálfstæðum atvinnuleikhópum fjölgaði úr 22 í 38 frá 2000 til 2007. Innlend verk eru uppistaðan í sýningum þeirra.

» 40 áhugaleikfélög voru starfrækt 2006–2007.

» Íslendingar sóttu leikhús að meðaltali 1,4 sinnum síðasta leikár. Það er Evrópumet.

hafa atvinnu af rekstri leikhópa.“

„ER þetta ekki fráþætt?“ svarar Aino Freyja Järvelä, formaður Bandalags sjálfstæðra leikhúsa, innt viðbragða við frétt Hagstofu Íslands í gær um hagtölur leikhúsa-anna í landinu starfsárið 2006-2007.

Í frétt Hagstofunnar kemur fram að samanlögð aðsókn að sýningum leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga nam tæpum 440 þúsundum. Fjöldinn samsvarar því að hver Íslendingur sækir leikhús 1,4 sinnum á ári. Segir Aino Freyja að þessi aðsókn sé Evrópumet, en hún er líka það mesta sem mælst hefur hér á landi. Frá aldamótum hefur leikhúsgestum fjölgað um 48 þúsund, eða um tólf af hundraði.

Í samantektum fyrir stóru leikhúsin, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélög kemur fram að sýningargestum í stóru leikhúsin hefur fækkað lítillega frá leikárinu á undan, um tæplega 3 þúsund gesti, meðan sýningargestum sjálfstæðu atvinnuleikhópanna hefur fjölgað umtalsvert undangenginn ár. „Þetta kemur ekki á óvart hvað frjálsum leikhópum snertir,“ segir Aino Freyja. „Það er orðið mjög breytt landslagið í sviðslistunum og leikhópum sem hafa verið að markaða sér sérstaka stefnu hefur verið að fjölga. Það eru líka æ fleiri sem

Aino Freyja segir að tíðarandinn sé annar nú. Áður fyrr hafi starfræksla sjálfstæðra atvinnuleikhópa verið eins konar stökkpallur fyrir þá, sem þar unnu, inn í stóru leikhúsin. Nú sé þetta breytt. „Við höfum færst frá þessu og hóparnir eru ákveðnari í að standa sjálfstæðir til lengri tíma. Við sjáum það í þessum tölum. Við höfum líka farið á markaði og svið, sem stóru leikhúsin hafa ekki sinnt, og finna okkur breiðari grundvöll fyrir leiklistarstarfsemi.“

Aino Freyja þakkar sagnahefðinni það hve Íslendingar sækja vel leikhús. Hún segir Finna hafa verið næsta á eftir okkur í röðinni, en þeir sækir leikhús ríflega hálfu sinni á ári.



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Margir sáu Svartan kött

LEIKÁRIÐ 2006–2007 var Leikfélagi Akureyrar sérlega hagstætt, en samkvæmt frétt Morgunblaðsins í lok sýningarársins kom fram að tæplega 38 þúsund manns hefðu séð sýningar leikársins. Um aldamótin voru leikhúsgestir Leikfélags Akureyrar um 5–10 þúsund að jafnaði á ári.

„Í háum gæðaflokki“

The Armory Show opnuð í New York



Verk eftir Rögnu Róbertsdóttur.

á það sem kalla má nýjast í listheiminum. Gallerí i8 tekur nú í fyrsta sinn þátt í kaupstefnunni.

Þetta er í tíunda sinn sem The Armory Show er haldið í þessari mynd. Mörg helstu myndlistargallerí heimsins eru með bás á kaupstefnunni, sem stendur út helgina. Í fyrra komu ríflega 50.000 gestir og myndverk seldust fyrir ríflega 85 milljónir dala.

„Þetta er messa í afar háum gæðaflokki og verið er að stilla mörgum nýjum verkum upp í bás-

unum,“ sagði Börkur Arnarson, frá i8, þar sem hann var við uppsetningu sýningarinnar í gær.

Hann sagði talsverða spennu í loftinu fyrir opnun kaupstefunnar í dag, því þá mun koma í ljós hvort óróinn í efnahagslífinu muni hafa áhrif á myndlistarheiminn. Verð á listaverkum hefur ekki tekið neina dýfu, hvað sem verður.

Í kjölfar kaupstefunnar verða stóru uppboðshúsin með uppboð á samtímalist í næstu viku.

Meðal þess sem i8 stillir upp eru nýir skulptúrar eftir Katrínu Sigurðardóttur, hólógram-verk eftir Hrein Friðfinnson, ljósmyndaverk eftir Ólaf Elfásson, og verk eftir Birgi Andrússon, Kristján Guðmundsson og Rögnu Róbertsdóttur.

„Við leggjum áherslu á okkar listamenn, sem eru allir starfandi á alþjóðlegum listvettvangi,“ sagði Börkur en i8 galleríð tekur þátt í fjórum til fimm slíkum listmessum erlendis á ári.

Niðurnjörvuð náttúra

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Tígnúð skepnan, Gunnhildur Hauksdóttir ★★☆☆

Til 27. apríl. Opíð alla daga kl. 10–17. Aðgangur ókeypis.

MYNDBAND með lesnum texta og tónlist er uppstaða sýningar Gunnhildur Hauksdóttur í D–salnum í Hafnarhúsinu. Myndbandið sýnir hesta, hesta í haga og hesta í einhvers konar sirkus eða á hestásýningu, tamda hesta í samspili við temjara sinn eða knapa.

Meginþáttur innsetningarinnar snýst um augljósar andstæður hins kraftmikla og villta annars vegar og tamda og snyrta hins vegar. Undir myndunum les rödd texta á ensku þar sem lýst er álit einhverra „okkar“ á ákveðnum útlitseinkennum sem gætu átt við hestana en líka eitthvað annað. Textann má t.d. auðveldlega yfirfæra yfir á viðhorf nýlenduþjóða til nýlendubúa sinna, viðhorf heimamanna til innflytjenda

eða viðhorf mannsins til náttúrunnar og umhverfis síns yfirleitt, og er hann sem slíkur bæði beittur og fyndinn.

Myndbandið er fallett áhorfs þar sem þokki hestanna nýtur sín og niðurnjörvaður kraftur þeirra er áleitinn. Framsetning þess vekur upp spurningar en virðist helst stjórnast af fagurfræðilegum þáttum, myndirnar verða óefniskennar svona svífandi í rýminu, og það að geta ekki séð báða skjáina í einu kallar

fram ákveðna spennu, þó ekki augljóslega í samræmi við viðfangsefnið.

Gunnhildur vinnur úr hreinni og klárri hugmynd, hér spila saman hefð myndbandslistarinnar, hugmyndalistarinnar og fagurfræði samtímans, auk þess sem sýningin minnir óþægilega á stöðugt og oft fánlegt gildismat okkar á umhverfinu, mótað af fordómum, fáfræði og fortíð sem á ekki lengur við í dag.

Ragna Sigurðardóttir

Bókmenntakvöld

Þekktu finnlandssænska skáldið **Lars Huldén**, prófessor, les úr verkum sínum á sænsku í **Norræna húsinu** í dag kl. 17.00 í boði Sendiráðs Finnlands.

Aðgangur ókeypis.